

REGLUGERÐ

um starfshætti þeirra er annast lögboðna skoðun ökutækja.

1. gr.

Þeir sem annast lögboðna skoðun ökutækja, þ.e. almenna skoðun og endurskoðun, sbr. reglugerð um almenna skoðun ökutækja skulu uppfylla ákvæði reglugerðar þessarar.

2. gr.

Almenn skoðun

Hver sá sem annast almenna skoðun ökutækja skal haga starfsemi sinni á þann hátt að fullt traust megi bera til þess að starfsemin sé í samræmi við verklagsreglur sem fram koma í staðlinum ÍST EN 45.001, þar sem m.a. er kveðið á um eftirfarandi:

1. Lögformlega stöðu skoðunaraðila.
2. Hlutleysi, sjálfstæði og ráðvendni skoðunaraðila.
3. Tæknilega hæfni skoðunaraðila.
 - a. Stjórnun og stjórnskipulag.
 - b. Starfsfólk.
 - c. Aðstöðu og tækjabúnað.
 - d. Verklagsreglur, þ.m.t. gæðastjórnunarkerfi og prófunarreglur.

Sá er annast aðalskoðun getur ekki jafnframt annast viðgerðir á ökutækjum, sölu á varahlutum eða aðra þá þjónustu sem stangast á við hlutleysisreglur í ÍST EN 45.001.

Faggildingardeild Löggildingarstofunnar setur nánari reglur um útfærslu á stöðlunum í samráði við dómsmálaráðuneytið.

Hver sá sem annast aðalskoðun ökutækja skal hafa hlotið faggildingu frá faggildingardeild Löggildingarstofunnar í samræmi við staðlana ÍST EN 45.001 og ÍST EN 45.002 og í samræmi við sérkröfur Löggildingarstofunnar og nánari ákvæði í reglugerðum sem settar eru skv. heimild í umferðarlögum nr. 50 30. mars 1987.

3. gr.

Endurskoðun.

Með endurskoðun er átt við lokaskoðun þeirra atriða sem gerð hefur verið athugasemd við í aðalskoðun.

Hver sá sem annast endurskoðun ökutækja skal haga starfsemi sinni á þann hátt að fullt traust megi bera til þess að starfsemin sé að mestu í samræmi við verklagsreglur sem fram koma í staðlinum ÍST EN 45.001 þar sem m.a. er kveðið á um eftirfarandi:

1. Lögformlega stöðu skoðunaraðila.
2. Sjálfstæði og ráðvendni skoðunaraðila.
3. Tæknilega hæfni skoðunaraðila.
 - a. Stjórnun og stjórnskipulag.
 - b. Starfsfólk.
 - c. Aðstöðu og tækjabúnað.
 - d. Verklagsreglur, þ.m.t. gæðastjórnunarkerfi og prófunarreglur.

Ákvæði í staðlinum er ná til hlutleysis þarf ekki að uppfylla enda nær starfssvið þeirra er annast endurskoðun aðeins til þess að sannreyna að einstök atriði sem gerð hefur verið athugasemd við, af aðila er uppfyllir ákvæði í 2. gr., hafi verið lagfærð. Faggildingardeild Löggildingarstofunnar getur sett nánari reglur til útfærslu á stöðlunum í samráði við dómsmálaráðuneytið.

Hver sá sem annast endurskoðun ökutækja skal hafa hlotið viðurkenningu frá faggildingardeild Löggildingarstofunnar í samræmi við viðeigandi greinar í staðlinum ÍST EN 45.001 í

samræmi við staðalinn ÍST EN 45.002 og í samræmi við sérkröfur og tæknileg ákvæði í reglugerðum.

4. gr.

Almennt.

Tæknileg framkvæmd við lögboðna skoðun ökutækja skal vera í samræmi við reglugerð um gerð og búnað ökutækja, skoðunarreglur og aðrar reglur og reglugerðir er lúta að skoðun ökutækja sem gefnar eru út af dómsmálaráðuneytinu.

5. gr.

Almennt.

Faggilding og viðurkenning sem veitt er skv. ákvæðum í 2. og 3. gr. skal eigi gilda lengur en í fimm ár frá útgáfudegi og skal faggildingardeild Löggildingarstofunnar framkvæmda árlegt eftirlit með því að ákvæði í faggildingarskilmálum eða viðurkenningarskilmálum séu virt. Niðurfelling faggildingar/viðurkenningar skal vera í samræmi við reglur faggildingardeildar Löggildingarstofunnar.

Kostnaður sem samfara er faggildingu eða viðurkenningu í samræmi við ákvæði í 2. og 3. gr. skal greiddur af þeim sem faggildingu eða viðurkenningu fær.

6. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt umferðarlögum nr. 50 30. mars 1987 öðlast gildi 1. janúar 1994.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. apríl 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

**um útgáfu á 2. flokki húsbréfa 1992 fyrir Byggingarsjóð ríkisins,
húsbrefadeild.**

1. gr.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið á grundvelli laga nr. 76/1989, að Byggingarsjóður ríkisins, húsbrefadeild, gefi út 2. flokk húsbréfa 1992. Samanlögð fjárhæð húsbréfa í 2. flokki 1992, skal vera að hámarki 4 000 milljónir. Húsbréfin skulu gefin út í fjórum undirflokkum a, b, c og d. Í undirflokki a skal hvert húsbréf vera að fjárhæð kr. 5 000 000,00, í undirflokki b kr. 1 000 000,00, í undirflokki c kr. 100 000,00 og í undirflokki d kr. 10 000,00. Vextir í 2. flokki 1992 eru 6% á ári. Lánstími er 25 ár.

2. gr.

Húsbréf eru greiðsla húsbrefadeildar Byggingarsjóðs ríkisins við kaup deildarinnar á fasteignaveðbréfum.

3. gr.

Húsbréf skulu skráð á nafn. Nafn fyrsta eiganda, kennitala og heimilisfang, skal skráð á framhlið húsbréfs. Við eigendaskipti að húsbréfi skal framsal til nýs eiganda skráð á bakhlið þess og þar skráður framsalsdagur, nafn, kennitala og heimilisfang hins nýja eiganda. Framsal